


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	STJR4VM05	Námsáætlun haustönn 2019

Kennari	Katrín Harðardóttir, Netfang: katrin@vma.is	Sk.st.	KAH
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfangans miða að því að veita nemandanum innsýn í, þekkingu og þjálfun í helstu viðfangsefni stjórnenda. Farið verður í helstu hugmyndir um gæðastjórnun, þróun gæðastjórnunar og hvernig hægt sé að vinna að aukinni gæðavitund og betri gæðastjórnun í rekstri. Fjallað um hlutverk góðrar mannauðsstjórnunar frá ráðningu til starfsloka. Fjallað um hvaða áhrif mismunandi þjóðmenning hefur á verkefni stjórnenda fyrirtækja. Unnið er með breytingastjórnun og hvernig hægt er að vinna farsælega með starfsmönnum að breytingum, þeim og rekstrinum til hagsbóta. Nemendur æfast í verkefnastjórnun og læra um mikilvægi góðrar skipulagningar og verkáætlunar. Nemendur kynnst frumkvöðlastjórnun og mikilvægi nýsköpunar og umbóta í fyrirtækjarekstri. Farið verður yfir hlutverk stjórnenda m.t.t. samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og ábyrgðar á umhverfi sínu.

Markmið:

Þekkingarviðmið


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugmyndum gæða-, mannauðs, breytinga-, verkefna- og frumkvöðlastjórnun
- mikilvægi gæðastarfs í fyrirtækjum og stöðugri framþróun gæðamála
- gildi starfsmannastefnu, starfsmannaáætlunum, greiningu og hönnun starfa og mikilvægi góðra starfslýsinga
- ráðningarferli starfsmanna, þjálfun nýliða, stöðugri þróun starfa og endurmenntun og hvað felst í starfslokum starfsmanna og áhrif á fyrirtækið
- mikilvægi góðrar verkefnastjórnunar og hvað felst í góðri verkefnastjórnun
- nýsköpunarstjórnun og mikilvægi þess að nýta aðferðir hennar í framþróun fyrirtækis

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér þekkingu sína á stjórnun og þeirri hugmyndafræði stjórnunar sem hann hefur lært


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	STJR4VM05 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

- nýta hugmyndir gæðastjórnunar til að bæta starfsemi fyrirtækisins, eigendum, starfsmönnum og viðskiptavinum til hagsbóta
- greina vinnuferla og gera tillögur að hagræðingu og úrbótum
- gera starfssamninga, starfslýsingar, vinna að stöðugri endurmenntun og framþróun starfsmanna
- setja upp verkáætlanir
- gera jafnréttisáætlun, gera verkferil til að taka á einelti ef upp kemur á vinnustað
- greina vanda er upp kemur vegna fjölmenningar og þau tækifæri sem felast í fjölmeningunni
- vinna að sjálfbærni og umhverfisstefnu fyrir fyrirtækið
- vinna að stefnu fyrirtækisins í varðandi gott viðskiptasiðferði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- útskýra grundvallarmuninn á milli þeirra stjórnunarhugmynda sem unnið var með í áfanganum
- útlista mismunandi aðferðir í starfsmannastjórnun og nota þær sem eiga best við með tilliti til aðstæðna hverju sinni
- leysa úr vanda á vinnustað sem á rót að rekja til mismunandi þjóðmenningar starfsmanna og nýti þau tækifæri sem fylgja mismunandi þjóðmenningu
- leysa úr siðferðislegum álitamálum er upp koma
- reka fyrirtæki sem hefur jafnrétti, í víðum skilningi þess orðs, að leiðarljósi
- leiða breytingar í fyrirtækinu á farsælan hátt
- nýta sér hugmyndafræði mannauðsstjórnunar til að hvetja og efla starfsmenn og móta gott vinnuumhverfi
- gera og vinna eftir verkáætlun
- vinna að frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnum á rekstrarsviði fyrirtækisins
- reka fyrirtæki þar sem starfsmenn vinna á jafnréttisgrundvelli
- reka fyrirtæki sem er með gott viðskiptasiðferði og samfélagslega ábyrgt

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	STJR4VM05	Námsáætlun haustönn 2019

Námshöggn: Námsöggn er að finna á Moodle-síðu áfangans, þar eru glósur, slóðir á gagnlegar heimasíður og annað sem kennari leggur þar út.

Áætlun um yfirferð:


Vikunúmer og dagsetning	Námshöggn	Verkefni
34 18. - 24. ágúst	Hugmyndir gæðastjórnunar	
35 25. - 31. ágúst	Gæðakerfi og gæðastaðlar	Byrja á verkefnum næstu viku
36 1. - 7. sept.	Gæðakerfi og gæðastaðlar frh	Verklagsregla og vinnulýsing verkefni (5%+5%)
37 8. - 14. sept.	Mannauðsstjórnun – Starfslýsingar, þróun starfa	Krossaspurningaverkefni (5%)
38 15. sept. - 21. sept.	Starfsmannaáætlun og starfsmannastefna	Starfslýsing verkefni (5%)
39 22. sept. -28. sept.	Ráðning nýliða, starfssamningar, þjálfun, endurmenntun starfsmanna, starfslok starfsmanna og áhrif á fyrirtækið	Verkefni um ráðningar (10%)
40 29. sept. - 5. okt.	Verkefnastjórnun	Byrja á verkefni næstu viku
41 6. - 12. okt.	Verkefnastjórnun frh.	Verkefni (10%)
42 13. - 19. okt.	Vetrarfrí 17. og 18. okt. Frumkvöðlastjórnun	Tímapróf (10%)
43 20. – 26. okt.	Námsmatsdagur 22. okt. Frumkvöðlastjórnun frh.	CANVAS verkefni (5%) SVOT greining Verkefni (5%)
44 27. okt. – 2. nóv.	Jafnrétti - Einelti	Verkefni (5%)
45 3. - 9. nóv.	Fjölmenning	
46 10. – 16. nóv.	Fjölmenning frh.	Verkefni (10%)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	STJR4VM05	Námsáætlun haustönn 2019

47 17. – 23. nóv.	20. nóv. Námsmatsdagur Sjálfbærni Viðskiptasiðferði	Verkefni (5%) Verkefni (5%)
48 24. – 30. nóv.	Viðskiptasiðferði frh.	Tímapróf (10%)
49 1. des – 7. des	6. des. Lokaverkefnisdagur Uppsóp	Krossaspurningaverkefni (5%)

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Tímapróf	Tvö tímapróf verða á önninni (10% hvort)		20%
Gagnvirk krossapróf	Tvö gagnvirk krossapróf (5% hvort)		10%
Verkefni	Gæðastjórnun. Gerð verklagsreglu og vinnulýsingar (5% hvort)		10%
Verkefni	Mannauðsstjórnun. Starfslýsing (5%) og ráðningar (10%)		15%
Verkefni	Verkefnastjórnunarverkefni		10%
Verkefni	Frumkvöðlastjórnun. (CANVAS og SVÓT 5% hvort)		10%
Verkefni	Vinna jafnréttisáætlun		5%
Videoverkefni	Fjölmening		10%
Verkefni	Vinna að sjálfbærnistefnu		5%
Verkefni	Vinna að viðskiptasiðferðistefnu		5%
	Samtals:		100%
Annað: Nemendur þurfa að skila öllum verkefnum annarinnar til að standast áfangann og lágmarkseinkunn til að standast áfangann er 5. **Með fyrirvara um breytingar			

Dagsetning: 30 ágúst 19

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils